

Einn kúabóndi hættir á viku

Samantekt Landssambands kúabænda, sem birt er á www.naut.is, leiðir í ljós að einn kúabóndi leggur upp laupana í viku hverri. Kúabúin voru 902 í byrjun þessa árs en voru 953 fyrir ári síðan. Þetta er 5,4 prósentu fækkun í stéttinni og er töluvert meiri hlutfallsfækkun en fyrir ári síðan.



Aðalinngangurinn lokaður

Starfsemi var ekki fyrr hafin að ráði í nýju Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands áður en loka þurfti aðalinngangi húsins þar sem þungar glerhurðir fuku ítrekað upp.

Húsvörðurinn segir að bent hafi verið á fyrir tveimur árum að norðan og norðaustanáttir mynduðu mikinn streng í skoti aðalinngangs hússins og þörf væri á öflugri hurðarpumpum en nú væru til staðar.

Þegar hafa nýjar pumpur verið keyptar og verða þær settar upp í næstu viku.

Gleypti tannbursta

Skurðlæknar í Tanzaníu náðu að bjarga manni sem hafði óvart gleypt tannburstann sinn. Í fréttum Sky news kemur fram að maðurinn, sem er 54 ára gamall, var í rölegheitum að bursta tennurnar þegar tannburstinn festist í hálsinum á honum og rann niður í maga.



Stefán Hilmarsson, söngvari ársins.

Stefán Hilmarsson er líflægur stákur, sem hefur þó róast mikið í seinni tíð og er nú farinn halda sig til hlés, svo sem gagnvart fjölmörgum. Hann er afar traustur félagi og sannur vinur vina sinna. Hann sökkvir sér niður í viðfangsefni sín og þælir virkilega í hlutunum, sem skilar sér meðal annars því að hann er frábær textahöfundur.

Kostir & Gallar

Stefán þykir afar ákveðinn og bítur ákveðna hluti mjög fast í sig og þegar á hölminn kemur er ekki ofsögum sagt að hann sé einstefnumaður. Sumum finnst hann líka vera aurasól; eða að minnsta kosti ber fólki saman um að Stefáni þyki silfríð sætt. Þessir eiginleikar, sem sumir telja honum til lasts, eru að annarra mati plús, því virkilega útsjónarsemi þarf við að reka popphljómsveit.

Björgólfur Thor Björgólfsson styrkir sýningu Ólafs Eliassonar í Hafnarhúsinu að einum þriðja. Hann segir ljóst að þeir sem eru frumlegir, séu að gera eitthvað einstakt, þeir ná lengst allra Íslendinga. Þetta á bæði við um listir sem og viðskipti.

Hlutabréfasafnari snýr sér að listinni

„Ég bý úti í London og fylgdist með þeim frábæru viðtökum sem Ólafur Eliasson hlaut þegar hann sýndi í Tate Modern. Ég tók eftir því hversu mikil áhrif verk hans höfðu á fólk og því hvernig það talaði um verkin. Ólafur er talent á heimsmeilivarða og ekki oft sem við eigumst mann sem er í heimsmeistarakeppninni, hvort heldur sem er í listum eða íspróttum. Við eigum jú Björk og svo núna Ólaf,“ segir Björgólfur Thor Björgólfsson í samtali við DV.

Ekki nógu margir sem þekkja Ólaf

Í gærkvöldi opnaði sýning á vegum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu á verkum Ólafs Eliassonar. Kostnaður við sýninguna er umtalsverður, hartær 20 milljónir, og hefur það vakið nokkra athygli að Björgólfur styrkir sýningarhaldið um einn þriðja. Björgólfur Thor segir að þó Ólafur sé meðal þeirra fremstu á sínu sviði virðist sem Íslendingar almennþekki ekki mikið til verka hans. „Þegar fjárhagslegt olnbogarámi fór að þrengjast hjá Listasafninu þá vildi ég greiða úr og sjá til þess að sýningin kæmist á koppinn.“ Björgólfur Thor segir það ánægjuefni að Reykvíkingar fái að búa við slíkt hið sama og listunendur í London og fái nú notið listar sem er á heimsmeilivarða.

Frumleikinn gildir

Björgólfur Thor segir aðspurður að það skipti kannski ekki megin máli hver eigi Ólaf Eliasson. „Ég held nú að listamennirnir sjálfir ákveði hverjum og hverju þeir tilheyra. En ég náttúrliga kys með Íslendingum í þeim efnum. En það sem vekur athygli mínar er að Ólafur er mjög frumlegur í hugsun og verkin hans eru óvenjuleg. Staða hans staðfestir að þeir sem eru að gera frumlega og nýstárlega hluti eru komnir lengst Íslendinga. Þeir sem hugsa eftir öðrum brautum. Ég hef samúð með því. Þú kemst ekki langt á því að vera eins og allir aðrir.“

Ný stefna hjá kaupsýslumönnum

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, Eiríkur Þorláksson, segir það ánægjulegt nú við upphaf nýrrar aldar að ný kynslóð kaupsýslumanna séu að leggja sitt af mörkum til menningar og lista. Björgólfur segist ekki geta talað fyrir nema sjálfan sig í þeim efnum. „Þegar ég sé eitthvað sem ég á samkennd með og höfðar til mín þá vil ég leggja eitthvað á vogarskálarnar til að það geti orðið að veruleika. Og það sem ég hef verið að styrkja end-



Björgólfur Thor Thorsson Hann styður sýningarhaldið um einn þriðja. Björgólfur segir að list sem höfðar einkum til hans rími við þá viðskiptahætti sem hann stundar. Hann hefur til þessa verið frægur fyrir hlutabréfasöfnun en snýr sér nú að listinni.

urspeglar það sem við höfum verið að gera í viðskiptum.“

Björgólfur Thor segir mikla breytingu hafa orðið á viðskiptalífnum frá því sem var, en það sé nú orðið mikið á milli tannanna á fólk. Fólk hefur orðið miklar skoðanir á viðskiptum. Hvort þetta sé partur af breyttri ímynd veit hann ekki og segir aðra kaupsýslumenn verða að taka sínar ákvarðanir.

Listin óvæntur plús

Þegar Samson, eignarhaldsfyrirtæki Björgólfs, keypti Landsbankann á sínum tíma, kom síðar á daginn að bankanum fylgdi mikið safn verðmætra málverka. Öllum að óvörum og sættu þeir sem sáu um sölu bankans nokkurri gagnrýni fyrir glámskyggina. „Já já, það var óvæntur plús,“ segir Björgólfur Thor. „En það fylgdu einnig óvæntir mínusar með bankanum þannig að það jafnaðist út eins og gengur.“

Björgólfur segist ekki geta talist nema meðalmaður hvað varðar að vera listunandi. „Ég hef gaman að góðri list og legg rækt við það sem höf-

ar til mín. Þetta hefur, líkt og svo margt annað, setið á hakanum vegna anna við vinnu. Ég hef ekki haft mikinn tíma. Kannski er ég að færa mig meira í þessa áttina með árunum - ætli þetta megi ekki heita eðlilegt þroskaferli. Óvæntur plús sem fylgir því að verða eldri. Að læra að meta það sem maður ekki veitti eftirtekt áður. Mínusana þekkjum við í því sambandi.“

Safnað hlutabréfum hingað til

Listaverkasafn Björgólfs Thors er ekki mikið að vöxtum enn sem komið er. Hann hefur ekki lagt það fyrir sig að safna þeim. „Ég hef fremur safnað hlutabréfum en listaverkum hingað til. En kannski verður breyting þar á. En fyrst er að læra á hlutina. Það er frumforsenda þess að ná árangri. Þetta er allt í þróun.“ Hann segist ekki hafa neinn umfram aðra í hávegum aðspurður um eftirlætis listamann. „Ýmislegt það sem hefur verið í boði í London að undanförunu hefur verið skemmtilegt og kannski kennt mér að meta móðern list umfram gömlu klassíkina.“

jakob@dv.is

Höfundur hagamúsamyndarinnar er kominn með mynd um hross

Íslensk hestamynd nær til hálftrar Evrópu

„Myndin fjallar fyrst og fremst um stóðhest, meri og folaldið hennar, en tugir hrossa koma við sögu,“ segir Jón Proppé, handritshöfundur og annar framleiðenda Hestasögu, ásamt Guðmundi Lýðssyni. Myndin hefur verið seld til nfu landa í Evrópu, þar á meðal allra Norðurlandanna og stærstu sjónvarpsstöðvar Evrópu, Arte. Gera má ráð fyrir að þær sjónvarpsstöðvar sem hafa keypt myndina nái til helmingis Evrópubúa.

Þorfinnur Guðnason stýrir myndinni, en hann gerði garðinn frægan með mynd um hagamýs og Lalla Johns. Jón og Þorfinnur eyddu allt að 300 dögum með hrossum í náttúru Íslands, en gerð myndarinnar tók samtals þrjú ár. Hugmyndin með myndinni er að ná fram söguþræði úr atferli hesta, líkt og um menn væri að ræða. „Myndin er

dramatísk ástarsaga þar sem að hross flýja undan óblíðum öflum upp í gegnum hálendi Íslands. Við færðum okkur inn í veröld hestanna, ef maður eyðir nógu miklum tíma með þeim byrjar maður að skilja þá. Við hégum yfir hrossunum vikum og mánuðum saman og sáum ýmislegt sem hefur mjög sjaldan sést. Með þessu áttuðum við okkur á samhengi og munstri í hegðun þeirra og gátum dregið saman það sem gerist í hegðun þeirra í samfellu. Lykillinn er að skilja hugsun dýranna og skilja hvað það er sem þau hugsa um í umhverfinu, við hverju þau bregðast, ákveðnum ógnum og þrá, og þar er kynþráin ekki síst drífandi,“ segir Jón.

Samningar hafa náðst við Magnús Magnússon um að talsetja myndina á ensku. Hann hefur menntaðan skoskan hreim sem er talinn henta



Magnús Magnússon Talsetur myndina á ensku

myndinni einstaklega vel. Talsetningin hefst í stúdíói í Glasgow í dag, en myndin verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg á sunnudaginn.

jontrausti@dv.is



Íslensk hross Hálfri Evrópu gefst kostur á að horfa á sögu sem unnin er úr atferli íslensks stóðhests, merar og folalds. Hún heitir á ensku Running with the herd.